



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Dyggðirnar í Dalnum

Síðfræði dyggða og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi

Ritgerð til BA-prófs í guðfræði

Guðrún Eggertsdóttir

Júní 2018

Dyggðirnar í Dalnum

Síðfræði dyggða og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi

Ritgerð til BA-prófs í guðfræði

Guðrún Eggertsdóttir

Kt.: 120164-7169

Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir

Maí 2018

Dyggðirnar í Dalnum,

Siðfræði dyggða og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi

Þessi ritgerð er 10 eininga lokaverkefni til BA prófs

í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðadeild,

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Guðrún Eggertsdóttir vor 2018

Óheimild er að afrita ritgerðina á

nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun:

Háskólaprent Júní 2018

Formáli

Kveikja að verkefninu

Kveikjan að ritgerðarefninu voru hinar siðfræðilegu áherslur sem ég las í bók Guðrúnar frá Lundi “Dalalíf” og tengdist námi mínu varaðandi umræður um dyggðir kvenna. Ég hafði áður setið námskeið í femínískri guðfræðilegri siðfræði þar sem helstu siðfræðilegu dyggðir kvenna voru til umræðu, svo sem umhyggja, fórnfýsi, varnarleysi ásamt hinum guðfræðilegu gildum: trú, von og kærleika. Allir þessir þættir eru til staðar í Dalalífi. Margt vakti athygli mína við lestur bókarinnar, svo sem líflæg persónusköpun og myndræn skrif. Þegar kom að skrifum á BA ritgerðinni fór ég að kanna hvað ég gæti gert með þá hugmynd að flétta saman femínískri dyggðasiðfræði og Dalalíf. Ýmsar leiðir voru kannaðar áður en við Sólveig Anna, leiðbeinandi minn, náðum að lenda þeirri hugmynd að nota dyggðasiðfræðina til að greina verk Guðrúnar og skoða nokkrar persónur sérstaklega og máta þær við bæði dyggðir og lesti. Ég hef farið um víðan völl, en ferðalag mitt fann loks farsælan farveg innan dyggðasiðfræði með skírskotunum til Dalalífs Guðrúnar frá Lundi. Með rannsóknarvinnu á dyggðum opnuðust dyr að nýjum skilningi á ritverkinu Dalalíf.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	5
1. Inngangur	6
1.1 Af hverju dyggðasiðfræð?	7
1.2 Fyrri rannsóknir á efninu	7
2. Dyggðir og lestir	9
2.1 Hvað er dyggð og út á hvað ganga þær?	9
2.2 Forngríkkir	10
2.3. Aristóteles og siðfræði Níkómakkosar	11
2.3.1 Siðrænar dyggðir	12
3. Kristin dyggðasiðfræði	14
3.1 Guðfræðilegar dyggðir	15
3.2. Femínísk gagnrýni á hefðbundnar dyggðir kvenna.	16
3.3. Siðferðileg skilyrði í samfélagi manna	18
3.4. Dyggðir kristins samfélags.	19
4. Dyggðir og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi	21
4.1 Aðeins um höfundinn	21
4.2 Dyggðir og Dalalíf	22
4.3 Persónulegar dyggðir í Dalalífi.	24
4.3.1 Póra	25
4.3.2 Lína	26
4.3.3 Ketilríður	28
4.3.4 Anna	29
4.3.5 Borghildur	30
Niðurstöður	32
Heimildaskrá	34
Netheimildir	34

1. Inngangur

Í ritgerð þessari mun ég einskorða mig við elstu tegund vestrænnar siðfræði, nefnilega dyggðasiðfræðina. Hugtakið dyggð kom fyrst fram á sjónarsviðið á fimmtu öld fyrir Krist en fjölmargir heimspekingar hafa fjallað um efnið, allt frá gömlu spekingum til vorra tíma.

Ýmsir þekktir siðfræðingar hafa skrifað á sviði siðfræði, má þar helsta telja Aristóteles, James Rachels, Göran Bexell og Carl Henrik Grenholm, James M. Gustafson og Sarah Lucia Hoagland. Þau hafa skrifað meðal annars um kristna og femíníska dyggðasiðfræði. Helstu kristnu dyggðirnar eru trú, von og kærleikur ásamt þeim femínísku sem eru; fórnfýsi, sjálfstjórn og varnarleysi. Með þessum eðal siðfræðingum mun ég fá hjálp til að greina hegðun og háttarni sem hafin er yfir stétt, stað og tíma. Með það að markmiði mun ég greina persónur í Dalalífi Guðrúnar frá Lundi, þar sem hún lýsir daglegu lífi og hefðum í sveitinni í kringum 1900.

Markmið ritgerðar og rannsóknarspurning er: Hvernig birtast helstu dyggðir og lestir kvenna í Dalalífi eftir Guðrúnu frá Lundi? Nálgun mín á efninu er siðfræðileg nálgun en ekki bókmenntaleg eða textarannsókn. Unnið verður með útgefin rit og bækur og þá femínísku nálgun sem felur í sér að skoða kvenpersónur Guðrúnar með dyggðafraeðilegu sjónarmiði. Síðan nýti ég niðurstöður mínar til að skoða skrif Guðrúnar út frá dyggðasiðfræði og hvaða dyggðir og lesti hún tileinkar ákveðnum persónum í skrifum sínum í ritverkinu. Ritverkið hefur verið lesið af kynslóðum kvenna og er nú um stundir talið vera gott bókmenntarit, en svo var ekki í þá tíð er það var skrifað. Engin hefur áður skrifað með hinu femíníska sjónarmiði og dyggðasiðfræði um sögupersónur þegar kemur að skáldsögu með slíkri nálgun svo ég viti til.

Ritgerðina byggi ég upp á þremur megin köflum út frá siðfræðilegu sjónarmiði. Í fyrsta kafla mun ég kynna af hverju ég valdi dyggðasiðfræði og femíníska nálgun. Í öðrum kafla skrifa ég um hvað er dyggð og út á hvað þær ganga. Ásamt að skyggast inn í hvað forngríkkir og Aristóteles skrifuðu um dyggðasiðfræði ásamt siðrænum dyggðum. Í þriðja kafla kem ég að kristinni dyggðasiðfræði með femínískri gagnrýni á hefðbundnar dyggðir kvenna. Og siðferðileg skilyrði í samfélagi manna sem leiðir okkur inn í dyggðugt kristið samfélag. Svo í fjórða og síðasta kaflanum ber ég saman við þær niðurstöður sem fengist hafa úr þessum köflum skrif Guðrúnar frá Lundi um dyggðir og dalalíf. Fyrst kynni ég aðeins Guðrúnu þá skoða ég dyggðirnar í dalnum og þær persónulegu dyggðir sem prýða dalalífið. Eftir það tek ég og greini nokkrar kvenpersónur Guðrúnar með femínískri dyggðasiðfræði að leiðarljósi.

1.1 Af hverju dyggðasiðfræði?

Vert er að spyrja sig að því út á hvað dyggðir ganga? Í Áður fyrr var það talið til dyggða að hafa hugrekki, örlæti, heiðarleika, og trúmennsku en fátt þótti eftirsóknarverðar.¹ Mikilvægt þótti að kenna börnum síði og venjur heimilanna hvort sem það voru góðir eða vondir síðir. Ýmsar dyggðir eru ætlaðar kvenfólki ekki síður á 19. öldinni en í dag þar má nú helst telja fórnfýsi, óeigingirni og varnaleyssi.

Á tímum feðraveldisins þrífist sú víska um að konunni tilheyrði þjónustuhlutverkin, eins og við þekkjum þau í dag. Rachels segir að dyggðir séu nauðsynlegar hverri þjóð og samfélagi þannig að það geti þrífist, og þess vegna eru hefðir og venjur í öllum samfélögum sérsniðnar að þörfum hvers samfélags.

Í dyggðasiðfræði Aristótelesar er gert ráð fyrir að maðurinn þróa með sér góða eiginleika og það sama á við í kristinni hefð; þar eru ákveðnir persónueiginleikar sagðir lofsverðir á meðan aðrir eru taldir mjög ámælisverðir.² Dyggðasiðfræðingar velta þeirri spurningu fyrir sér hvaða dyggðir séu æskilegt að efla og rækta með sér innan samfélagsins, en með þá spurningu mun ég til leggja af stað með og velta fyrir mér samfélagið í bók Guðrúnar “Dalalíf” og einnig mun ég leitast eftir að greina Dalalíf og framsetningu dyggða í texta Guðrúnar

1.2 Fyrri rannsóknir á efninu

Ekki er vitað til þess að áður hafi verið skrifað um og tengt saman dyggðasiðfræði og skáldsögu. Aftur á móti hefur Margrét Lilja Vilmundardóttir skrifað um dyggðir og heitir ritgerðin hennar „*Dyggðir og köllun kvenna í ljósi kvennabaráttu og kristinnar trúar í upphafi 20. Aldar*“.³ Markmið þeirrar ritgerðar var að gera grein fyrir dyggðum og köllun kvenna á Íslandi í lok nítjándu

¹ Göran Bexell og Carl Henrik Grenholm, *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls. 221.

² James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1997, bls. 214.

³ Margrét Lilja Vilmundardóttir, *Dyggðir og köllun kvenna í ljósi kvennabaráttu og kristinnar trúar í upphafi 20. Aldar*“ dags. 20. janúar. 2012, sótt 16.janúar 2018, <http://hdl.handle.net/1946/10671> ,

aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu. Ritgerð Margrétar Lilju nýttist mér einkar vel til að sjá skýrt þær dyggðir sem tileinkaðar hafa verið konum, við þjónustu innan húss sem utan, gagnvart fjölskyldum og óvandabundnum. Einnig auðveldaði ritgerðin greiningu á dyggðum í skrifum Guðrúnar frá Lundi sem einkenna sögupersónur hennar.

Í framhaldinu var upplýsinga leitað um efnið hjá hinum ýmsu siðfræðingum sem hafa skrifað um dyggðasiðfræði.

2. Dyggðir og lestir

2.1 Hvað er dyggð og út á hvað ganga þær?

Dyggð er mannlegur skapgerðareiginleiki og því má segja að hún sé vani sem er áunninn. Maðurinn þarf að þroskast til að öðlast og æfa sig í góðum dyggðum og þannig hljóta eiginleika góðra dyggða. Því er góð lund áunnin og mikilvæg manneskjunn til að vita mun bæði því sem er rétt og rangt, og einnig hvernig ber að haga sér og lifa í samfélagi við annað fólk. Því er dyggðug og góð lund æskileg hverri manneskju.⁴

Dyggðirnar felast í hugrekki, örlæti, heiðarleika, góðvild, réttlæti, sanngirni og trúmennsku. Þetta eru aðeins örfá nöfn yfir dyggðir sem notaðar eru. Eins og James Rachels (1941) leggur fram þá er mikilvægt fyrir manneskjuna að bera þessar dyggðir. Við erum þó alltaf að spegla okkur í löstunum, en þeir helstu eru hroki, ágirnd, öfund heift, munúð nautnasýki og andleg leti. Hver dyggð eða löstur hefur sína ákveðnu eiginleika sem hægt er að skoða nákvæmlega bæði með jákvæðri og neikvæðri úrlausn. Má þá taka sem dæmi með hugrekkið eins og Rachels skrifar um að á venjulegri mannsævi þurfum við öll á hugrekki að halda. Við gætum veikst eða verið í erfiðum aðstæðum. Ekki síst barnshafandi konur að undirbúa komu barnsins og hafa áhyggjur af fæðingu og uppeldi komandi barns. Sumir eru hræddir um afkomu að geta ekki haldið upp fjölskyldum sínum og aðrir vinna við hræðilegar aðstæður sem þarf stöðugt að stíga einu skrefi lengra en þau þora. En hugrekki felst ekki bara í ofdirfsku því meðalhófið er best í öllu og dyggð er: „meðallag tveggja lasta“, þar sem annar er ofdirfska og hinn er hræðsla. Alveg eins og örlæti liggur einhverstaðar á milli „nísku og brúðls“. Þannig getur verið erfitt að finna meðal hófið í þeim efnum. Hvað á að gefa mikið eða lítið? Jesús vildi að manneskjan gæfi allt sem hún þarfnaðist ekki sjálf og ætti umfram þarfir. Flestum fannst það of mikið þá, hvað þá núna þar sem örlæti á eigin skal miðast við hvar manneskjan er stödd hverju sinni. Því ríkur maður á mikið en lifir líka hátt á meðan meðal maður lifir á launum sínum frá einum mánuði til annars. Einnig segir hann að niðurstaðan er sú að gott samfélag er það sem maðurinn á að sækjast í.⁵

⁴ Bexell Göran og Grenholm Carl Henrik, *Síðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspæki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls.148,9.

⁵ Rachels James, *Stefnur og straumar í síðfræði*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1997, bls. 210.

Í klassískri dyggðasiðfræði er tvenns konar: vitræn og siðræn. Stanley Hauerwas og Alasdair McClaendon aðhyllast svokallaða sérstöðukenningu, en með því er átt við að þeir telja að kristin siðfræði hafi einstakt inntak sem ekki aðrar tegundir dyggðasiðfræði hafa. Siðfræðingurinn Gilbert Meilaender, hins vegar, setti fram svokallaða „*sameiningarkenningu*“ en í henni felst að kristin siðfræðihefð hefur vissa sérstöðu en á jafnframt samleið með mörgum öðrum siðfræðihefðum. Hann álitur að kristin siðfræði sé í öllum meginatriðum dyggðasiðfræði og gangi út á að maðurinn þroski með sér hæfileika til að sjá mun á réttu og röngu.⁶

Í grófum dráttum má því segja að dyggðasiðfræðin leggi áherslu á mótandi og eflandi hlutverk dyggða og skapgerðar, andstætt skyldusiðfræði, sem leggur áherslu á skyldur, ábyrgð, og leikslokasiðfræði, þar sem áherslan er á afleiðingar breytni fólks. Nútíma dyggðasiðfræði þarf ekki nauðsynlega að fylgja siðfræði Aristótelesar eða annarra forngrískra spekinga, en flestar dyggðasiðfræðikenningar nútímans gera það þó að verulegu leyti. Sjálft hugtakið dyggð (eða ágæti) er jafnan skilið að einhverju leyti í aristótelískum skilningi og yfirleitt er áhersla á farsæld (*evdomónía*) einstaklinga og samfélaga sem merkir hamingja⁷.

2.2 Forngríkkir

Samkvæmt Svavari Hrafn Svavarssyni voru Gríkkir uppteknir af hamingjunni.⁸ Segir hann að svo hafi verið alla fornöld og langt fram eftir öldum. Rætur dyggðasiðfræðinnar má, eins og áður er sagt, rekja til Forn-Gríkkja, einkum Sókratesar, Platons og Aristótelesar (saga dyggðasiðfræðinnar í kínverskri heimspeki er óháð vestrænni heimspeki hefð). Gömlu siðfræðingarnir töldu að góðar dyggðir væru hugrekki, sjálfsstjórn, örlæti og skynsemi. Gríkkir álitu skynsemina uppsprettu siðferðilegrar visku – í þeirra augum var dyggðugt lífveri

⁶ Bexell Göran og Grenholm Carl Henrik, *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls. 211.

⁷ Devettere Raymond J., *Introduction to Virtue Ethics. Insights of the Ancient Greeks*, Georgetown University Press, Washington, D.C., 2002, bls. 65.

⁸ *Siðfræði Nikomakkosar, fyrra bindi*, Svavar Hrafn Svavarsson þýddi, Hið íslenska Bókmenntafélag, Prentmiðlun ehf, Reykjavík 2011, fyrra bindi, bls. 11.

óaðskiljanlegur hluti skynsamlegs líferniss.⁹ Þessar fjórar helstu dyggðir voru þær sem stjórnúðu ánægju, öryggi, réttlæti og jafnvægi þess á milli.

Réttlæti var mikilvæg fyrir einstaklinginn í daglegu lífi að veita kjark þegar við á og réttlæti þegar við á. Venjulegum Grikkja fannst lítið til þeirrar hugmyndar koma að breyta skyldi vel eingöngu sakir þess að væri dyggðugt, heldur voru laun dyggðarinnar lof náungans, orðstír, virðing eða heiður; þetta gerði dyggð eftirsóknarverða. Því er talið að án réttlætis mundi manneskja erfíða án gleði og getu til að lifa í friði og jafnvægi í eigin lífi. Þetta eru ekki allar dyggðirnar og gæti ég talið upp mun fleiri en það væri of langt mál að gera.¹⁰

2.3. Aristóteles og siðfræði Níkómakkosar

Samkvæmt Aristóteles var dyggð eiginleiki í fari manns sem birtist í vanabundinni breytni.¹¹ Í siðfræði Níkómakkosar eftir Aristóteles (um 325 f.kr.) snýst megin spurningin um manngerðir. Aristóteles er sérfróður um ágæti dyggða. Samkvæmt honum er hinn góði maður dyggðugur maður og því teljast dyggðir meginviðfangsefni siðfræðinnar. Þetta má einnig ráða af því sem gerist í borgríkjum, því löggjafar gera borgara góða með því að venja þá með siðum. Þetta er ásetningur allra löggjafa. Í hans nálgun á því hvað er siðfræði segir Aristóteles að hver og einn verður góður í því sem honum er kennt. „Þeir nálgúðust allt viðfangsefni með að spyrja: Hvaða persónueiginleikar gera mann að góðum manni“?¹²

Aristóteles taldi að góður maður dæmi alltaf rétt og sjái alltaf sannleikann. Hverri hneigð tilheyrir eitthvað gott og ánægjulegt og munurinn á milli þeirra sem eru fróðar manneskjur og þeirra sem vita meira og eru sagðar góðar manneskjur telur hann vera réttvísi. Réttvísinn aðskilur eins og reglustríka eða mælikvarði á sannleikann. Fólk er latt og lætur plata sig. Því það nennir

⁹ James M. Gustafson, *Christian Ethics & The Community*, United Church Press, 1971, bls. 210.

¹⁰ Robin W. Lovin, *An introduction to christian etics goals, duties and vitures*, Abindon Press, Nashville, 2011, bls. 191,2.

¹¹ Sama rit bls. 211.

¹² James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997, bls. 210.

ekki að takast á við sjálfst sig. Þannig talar Aristóteles um lesti; manningum virðist það gott sem sé ekki gott.¹³ Af þessum sökum, segir Aristóteles, velur fólk ánægjuna og flýr sársaukann.¹⁴

2.3.1 Siðrænar dyggðir

Í aristótélískum skilningi verður siðræn dyggð til af siðvenju. Ef þú ert smiður, múrari, hörpuleikari eða bílstjóri talar Aristóteles um eiginverk og að allir þurfi að fá þjálfun í viðeigandi grein til að verða betri í því sem þeir eru að gera, annars verður smiðurinn ekki góður húsasmiður o.s.frv. Siðrænar dyggðir mótast því með háttum okkar og athöfnum í samskiptum, segir hann, við erum ýmist réttlát eða ranglát, hugrökk eða huglaus, og við hættulegar aðstæður erum við annað hvort djörf eða hrædd. Hneigðir verða þannig til fyrir samsvarandi virkni. Ástæðan fyrir þessu er það uppeldi sem við hljótum, Aristóteles telur því að hneigðir lagi sig að virkninni. Þá bendir hann á að dyggðir og lestir snúist um ánægju og þjáningu. „Við kjósum þrennt og forðumst þrennt: göfugt, hagstætt, ánægjulegt og andstæðu þess, svívirðilegt, skaðlegt og sársaukafullt“.¹⁵ Góður maður breyti réttilega en vondur maður láti glepjast. Einnig bendir hann á að það þurfi að beita réttlæti og hófsemi til að vera réttlátur. Sá sem beiti réttlæti og hófsemi sé þegar réttlátur og hófsamur. Til að ná ákveðinni færni verði að fá kennslu og æfingu. Slíkt gerist ekki að sjálfum sér. Í fyrsta lagi verði manneskjan að hafa þekkingu, í öðru lagi að ákveða athafnir sínar og velja þær sökum þeirra sjálfra, og í þriðja lagi að vera öruggur og staðfastur í athöfnum sínum. Góður píanisti spili af fingrum af fram, fyrirhafnarlaust því æfingin skapar meistarann – það sem lærist með þjálfun verði eins og ósjálfrátt viðbragð.¹⁶

Dyggðir og lestir séu því ekki það sama og sálarfriður, við erum ekki gerð til að vera góð eða vond einfaldlega af því við getum haft kenndir og verið þolendur. Við lofum hvorki né löstum vegna þessa, segir Aristóteles. Enn fremur segir hann að við höfum sálargáfur sem séu okkur eðlislægar, þó að við verðum hvorki góð né slæm af eðli okkar. Niðurstaða hans er því sú

¹³ *Siðfræði Nikomakkosar, fyrra bindi*, Svavar Hrafn Svavarsson þýddi, Hið íslenska Bókmenntafélag, Prentmiðlun ehf, Reykjavík 2011, fyrra bindi, bls. 300.

¹⁴ Sama rit bls. 239.

¹⁵ Sama rit bls. 258.

¹⁶ Sama rit bls. 261.

að dyggðir séu hvorki kenndir né sálargáfur heldur hneigð.¹⁷ Dyggð snúist vissulega um kenndir og athafnir og þar sé skefjaleysi og skortur afgangur en meðallagið hið lofsverða. Þannig sjáum við að samkvæmt skilningi Aristótelesar að dyggð er meðallag.¹⁸ Ekki gefi þó öll breytni möguleika á meðallagi – sumt er þannig að það vísar aðeins til illsku, s.s. illgirni, óskammfeilni og öfund, eða hórlífi, þjófnaðar og mannsmorð. Í þessum málum fyrirfinnst ekki neitt sem heitið geti meðallag.¹⁹

Þannig er að við erum öll innréttuð á einhvern máta því er mikilvægt að læra góða siði (dyggðir) til að geta búið í samfélagi við annað fólk án mikilla árekstra. Gott er að þjálfa sig í góðum siðum og ná góðu jafnvægi sem verða ósjálfrátt viðbragð. Milli þess að vera góður eða vondur getur verið vandratað eins og ritað er hér að framan. Með að tileinka sér og þjálfa í góðum siðum frekan en löstum er mikilvægt hverjum manni svo hann haldi jafnvægi í samskiptum manna á meðal.

¹⁷ Sama rit, bls. 263.

¹⁸ Sama rit, bls. 266.

¹⁹ Sama rit, bls. 267.

3. Kristin dyggðasiðfræði

Í klassískri kristinni siðfræði hefur kenningin um náttúrulög verið ríkjandi, en þar er svokallað eðli mannsins látið vera viðmið fyrir siðferðið.²⁰ Tómas frá Akvínó er sammála Aristótelesi að því leyti að dyggðir eigi að göfga manninn. Hann telur einnig að sömu dyggðir og í siðfræði hans séu ákveðnar höfuð dyggðir þ.e. víska, réttlæti hugrekki og hófsemi. Því allar þessar dyggðir stuðli að góðu lífi. En hann bætir einnig við þeim kristnu „trú von og kærleika“ sem hann telur mikilvægar og þá helst kærleikann því með kærleikann að leiðarljósi er maðurinn hólpinn. Hann segir kærleikann beinist líka að þeim sem eru ekki mjög nánir eða tengjast okkur, heldur notum við kærleikann í samskiptum við flest fólk jafnvel þótt það geri eitthvað á hlut okkar.²¹

Margir nútíma guðfræðingar hafa gagnrýnt kenninguna um náttúrulög og meðfylgjandi algildishyggju þeir telja hvort tveggja ógagnlegt. Á meðal þeirra sem gagnrýna þessar kenningar eru guðfræðingar og siðfræðingar sem aðhyllast nútíma dyggðasiðfræði sem þeir tengja oft mikilvægi frásagna fyrir siðferðið. Þeir kristnu siðfræðingar sem að framan voru nefndir, bentu á að kristin siðfræði ætti samleið með ákveðinni hefð og mótaðist við viss skilyrði, þess vegna hefði hún sérstöðu gagnvart öðrum siðfræðikenningum. Hauerwas áleit t.d. að kristin siðfræði mótist af ákveðnu samfélagi með sérstaka reynslu og sérstaka sögu að baki.²² Þegar kristnin hafi komið til sögunar hafi forsendur breyst, ekki síst forsendur dyggða og nýjar hugmyndir orðið til. Kristið fólk, sé eingyðistrúar líkt og Gyðingar og líti á Guð sem löggjafa. Í þeirra augum þýddir réttlátt líferni því fyrst og fremst hlýðni við boðorð Guðs.²³ Siðferði snúist um hvaða eiginleika sé æskilegt að þroska, eða eins og McClendon segir:“ með því að þroskast sem persóna og verða góð manneskja má einnig ná þeim þroska að takast á við siðferðileg vandamál“.²⁴ En úrskurðarhyggja af þessu tagi er ekki jafn einföld og hún líti út fyrir, því ekki séu neinar algildar dyggðir sameiginlegar öllum mönnum. Á fjórðu öld þegar Ágústínus kom fram sem áhrifamikill kristinn hugsuður vantroysti hann skynseminni og kenndi að siðferðilegt líferni byggðist á því að

²⁰ Göran Bexell og Carl – Henrik Grenholm, *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls. 288.

²¹ Sama rit, bls. 157,8.

²² Sama rit, bls 290.

²³ James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1997, bls. 210.

²⁴ Bexell Göran og Grenholm Carl Henrik, *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, bls. 293.

beygja sig undir vilja Guðs.²⁵ Dyggðir snúast um að þroskast sem manneskja og verða góð manneskja og með því móti má einnig takast á við siðferðileg vandamál.

3.1 Guðfræðilegar dyggðir

Hvað er kristin siðfræði?

Í bók Bexell og Grenholm segir svo að Lúther hafi ekki verið ánægður með hvað guðfræðin hallaðist mikið að Aristótelesi því að Lúther sjálfur hafi hallast að boðorðakenningunni þar sem hann sótti rök sín fyrst og fremst í Biblíuna. Tók hann fram að náttúrulögin væru dæmi um gjörðir Guðs og hans vilja. Kenning Lúthers verður hlutlæ加里 og jarðbundnari með áhrif frá nafnhyggjunni en hann leit svo á að Guð stjórnaði tveimur ríkjum, því andlega og veraldlega. Guð sé að verki í veraldlega ríkinu og stýrir þar öllu í gegnum yfirvöldin hvort sem er lögum og eða siðferðislögmálinu. Þetta sé eitt birtingarform náttúrulaganna. Í hinu andlega ríki sé Guð í innra sjálfi mannsins og stýri í gegnum Krist og fagnaðarerindið, þannig yfirstígi maðurinn hið illa og trú skapist í hjarta manneskjunnar. Þetta hefur verið kölluð „tveggja-ríkjakenningin“.

Lúther taldi það hlutverk guðfræðingsins að greina á milli lögmáls og fagnaðarerindis. Lúther vitnar í skrif Páls postula í Matteusarguðspjalli og segir að í hjarta hvers manns sé að finna kærleikann og gullnu regluna, sem sé grunnur náttúrulaganna. Miðað við Tómas frá Akvínó og síðar Kalvin hafði Lúther frjálslægri viðhorf til boðorðanna tíu, en þeir voru meiri reglusiðfræðingar en Lúther. Á tímum Tómasar og Kalvin voru það einungis munkar, nunnur og prestar sem þóttu lifa hinu sanna kristilega lífi sem gerði þá verðugri en allan almenning. Þau störf sem unnin voru út á akrinum við handverk og eða húsverk þóttu ekki eins verðug og sáluhjálpin þar með hærra sett. Annað hlutverk lögmálsins var það guðfræðilega; að gera mannum ljóst að hann þurfi á sáluhjálpi að halda frá Guði í trú og kærleika, en samkvæmt Lúther segir hann að maðurinn sé kengbeygður inn í sjálfan sig vegna þess að hann lifir ekki eftir lögmálinu sem Guð krefst í sannri trú og náungakærleik. Því er maðurinn dæmdur fyrir bæði

²⁵ James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1997, bls. 210.

innri og ytri verk, eða eins og sagt er að „maðurinn réttlætist aðeins af trú en ekki af verkum sínum“²⁶. Í Rómversk – kaþólskri hefð vildu fylgendur nýju skólaspekinnar endurvekja guðfræði Tómasar. Það var viðhorf þeirra að það siðferði af eðli (náttúru) mannsins og tilverunnar, vegna skynseminnar, væri hægt að nota án þess að vísa til Biblíunnar. Það að gera „hið góða“ var að kunna skil á gullnu reglunni og boðorðunum tíu. Svo voru það afleiddu reglurnar sem allir áttu að kunna og vita um, en þar undir var t.d. bann við hjónaskilnaði og líknadrápi ásamt sjálfsvígum. Einnig hefur það legið í menningunni að eðli konunnar væri að vera undirgefin og þjónandi. Þannig hefur iðulega verið litið á kristna siðfræði sem svar við náð Guðs, með köllun og áherslu á Krist sem aðalatriðið, viðmið eins og má sjá að töluverðu leyti grundvallaða í viðhorfum Lúthers sjálfs.²⁷

3.2. Femínísk gagnrýni á hefðbundnar dyggðir kvenna.

Heimspekingurinn Sarah Lucia Hoagland hefur fjallað um dyggðir út frá femínísku sjónarhorni. Það eru einkum þrjú megin hugtök sem lúta að dyggðum kvenna sem hún hefur í forgrunni. Fyrst er það er *altruism* sem er þýtt sem *óeigingirni* – umhyggja fyrir hag annarra, óeigingirni, fórnfýsi í orðabók. Annað er *self-sacrifice* – *sjáfsfórn* og loks *vulnerability* – *særanleiki, varnaleyfi, viðkvæmni*.²⁸ Hoagland lítur svo á að þessar dyggðir sýni valdastöðu þeirra sem hafi þurft að þroska þær með sér en það séu einkum konur. Konur hafi lengst af staðið höllum fæti í samfélaginu. Viðkvæm valdastaða þeirra krefst þess af þeim að þær sýni fórnfýsi ásamt ósérhlífni til að lifa af. Þessar kvenlegu dyggðir eru því varnarviðbrögð við ofríki og kúgun en konur hafa neyðst til að gangast undir vilja karla, vald sem hefur þótt bæði náttúrlegt og gott. Valdaójafnvægið milli karla og kvenna sé hins vegar veruleiki og staðreynd og hinir undirskipuðu leitast stöðugt við að varðveita reisin sína gagnvart hinum valdameiri. Hinn valdameiri viðhaldi valdi sínum gagnvart þeim valdaminni og ýti undir þessar sérstöku dyggðir, sem eru í raun og veru lestir. Vegna aldagamalla yfirráða karla í menningu og samfélagi hafa

²⁶ Göran Bexell og Carl-Henrik Grenholm, *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls. 267,8,9.

²⁷ Sama rit bls. 273,4,5,6.

²⁸ Sarah Lucia Hoagland, *Lesbian Ethics Toward New Value*, Bolger Creative Printing, 1992, bls. 69.

konur með tímanum þróað með sér ómeðvitaða getu til að komast af og nota þau tæki sem þær hafa til að reyna að hafa einhverja stjórn á umhverfi sínu. Valdi megi ávallt reyna að hagræða eins og mörg dæmi sýni og sanni. Hoagland telur að konur, gegnum aldir, hafi þannig æft sig í stjórnun, í samböndum hvort sem er á milli elskenda, vinnusambanda eða vinasambanda. Ef þetta sé skoðað ofan í kjölinn megi sjá að óeigingirni og sjálfsfórn sé í raun leið til að öðlast vald og vægi.²⁹ *Sjálfsfórn og ósérhlífni* séu dyggðir sem búist sé við að séu eðlislægar konum, en ekki lærð neikvæð hegðun, en sá skilningur stangast algerlega á við skilning Aristótelesar og fylgjenda hans á hvernig dyggðir verða til. Eins og við höfum séð skapar æfingin meistarann í þeim efnum, dyggð er ekki eðlislæg heldur lærð í samfélagi og menningu.

Hoagland bendir á að það þyki alvarleg vöntun ef dyggðirnar þrjár hér að framan skortir í tilviki kvenna. Þannig segir hún að karlaveldið hafi búið sér til sérstöðu á kostnað kvenna. Konur séu fórnarlömb karla og barna með því að þær gangist undir þessar dyggðir og samsinni þeim. Hvernig má breyta þessu? Svar Hoagland er að til þess að svo megi verða verði konur að öðlast skilning á því að varnarleysi, sjálfsfórn og ósérhlífni séu uppfinning karlaveldis. Þær þurfi að láta af þeim og breyta um hegðun. Það er þó ekki auðvelt mál því hugmyndafræði feðraveldisins þröngvi þessum hugmyndum upp á konur og styrki sig þar með í sessi. Hoagland telur þannig að konur séu virkar í því að viðhalda valdaójöfnuði kynjanna með fórnfýsi og öðrum kvenlegum dyggðum.³⁰ Hún telur að vegna fórnfýsi kvenna geti karlar notfært sér konur á ýmsan hátt til að koma hagsmunum sínum á framfæri. Með því að beina athygli kvenna frá þeim sjálfum og hugsanlegum áhugamálum þeirra og þörfum hvetji feðraveldið konur til að halda áfram að æfast í fórnfýsi, óeigingirni og varnarleysi. Þeim sé hrósað og oft meira að segja sagt að þær séu betri en karlar fyrir vikið.³¹ Margar konur öðlist því fullkomið vald á þeirri tækni sem þurfi til að lifa af kúgun karla. Það þýðir ekki endilega að það sé gott fyrir þær, þvert á móti séu þær oft fórnarlömb ofbeldis, bæði andlegs eða líkamlegs. Konur sem ekki vilja þýðast hinar kvenlegu dyggðir og gangast undir þær séu hins vegar oft ásakaðar um sjálfselsku. En er það sjálfselska ef kona velur að þjóna einhverju öðru en bara nærsamfélaginu, mönnum, börnum, fjölskyldu og

²⁹ Sarah Lucia Hoagland, *Lesbian Ethics Toward New Value*, Bolger Creative Printing, 1992, bls.74.

³⁰ Sama rit bls. 78.

³¹ Sama rit bls. 83.

kirkju? Þá spurningu er áhugavert að bera fram í samhengi Dalalífs og dyggða og lasta þeirra kvenna sem þar eru fyrirferðarmestar.

Aðalatriðið hjá Hoagland er að benda á að hinar kvenlegu dyggðir eru tilbúin stjórnunar- og valdataeki og hafa verið það í gegnum tíðina. Það gildir í báðar áttir: Konur geta gengist undir þær og reynt að stjórna öllu í kringum sig með tilstilli þeirra. Hinu má ekki gleyma að hugmyndafræði karlveldisins er vandamálið, því hún er það afl sem hefur mótað þessar dyggðir og ýtir stöðugt undir þær. Þar með geta þær orðið að spennutreyju fyrir konur sem sjá ekki í gegnum þær.³² Með þessu móti er mögulegt að nota varnaleysi, ósérhlífni og fórnfýsi kvenna til að tryggja aðgang að konum og jafnframt stjórn. Kvenlegar dyggðir geta verið þvingun sem vinna gegn breytingum og vexti í samfélaginu og innan fjölskyldunnar.³³

3.3. Siðferðileg skilyrði í samfélagi manna.

Siðfræðingurinn James M. Gustafsson leggur á það áherslu í *Christian Ethics & the Community* að til að mannlegt samfélag geti þrífist og endurnýjast þurfi ákveðnir innviðir að vera til staðar. Samkvæmt Gustafsson hafa félagsfræðingar talað um þessi skilyrði sem „hagnýtar kröfur eða forsendur“ sem gerir samfélag mögulegt. Sjálfur notar hann hugtökin trú, von og kærleik til að skýra út mikilvægustu þættina sem þurfa að vera til staðar svo gott samfélag geti þrífist. Til þess að samfélag geti verið í jafnvægi, bendir Gustafsson á, þurfum við að trúa og treysta á ákveðnar megin reglur. Einfalt dæmi um þetta eru umferðaljósinn sem við verðum að treysta. Þegar rautt ljós birtist treystum við því að bílarnir stoppi og þeir sem eru á grænu ljósi hafi forgang. En þetta er ekki svona einfalt í samfélagi milli fólks, hvort sem það er sveitarstjórn, heimilið eða kirkjusamfélagið, en þar þarf sannarlega allt að vera í jafnvægi svo hlutirnir gangi vel fyrir sig. Ef fólk hættir að upplifa traust í samfélögum eða sambandi sínu er hætta á að þau liðist í sundur. Smá saman verður ekkert eftir til að treysta á ef það gerist. Einnig getur hræðsla við að vera svikin orðið til að trúnaðarbrestur eigi sér stað. Því verður að nota fyrirgefninguna til að miðla málum og endurnýja trú á sambandið. Traustið sé þannig lykillinn að farsælu samfélagi.

³² Sama rit, bls. 105.

³³ Sama rit, bls. 106.

Svipað hefur hann að segja um vonina: mannlegt samfélag lifir í von og trú. Trú á röngum aðila í samfélagi geti haft alvarlegar afleiðingar og endað illa. Í samfélaginu getur von verið bæði hlutlaus og virk sú hlutlausa bíður og væntir þess að einhver komi og uppfylli væntingar og vonir manneskjunnar, meðan sú virka er til staðar fyrir komandi kynslóðir og hvert samfélag.

Gustafson nefnir í þessu sambandi að lokum um kærleikann sem túlka má á svo marga vegu. Hann telur að án ástar og kærleika fái engin samfélög blómstrað. Kærleikur í þessu samhengi er fyrst og fremst þakklæti. Ekkert mannlegt samfélag getur þrífist án þakklætis. Traust og von er nauðsynleg fyrir sameiginlegt líf og það sama á við um kærleikann. Kærleikur er virðing og virðing þarf alltaf að vera til staðar hjá einstaklingum, hópum, samfélögum og þjóðum.³⁴

3.4. Dyggðir kristins samfélags.

Dyggðasiðfræði er meginálgun hjá Hauerwas, sem leggur mikið upp úr þeim skilningi að kirkjan í heild sinni sé römmuð inn af sögulegum heimildum og sé jafnframt rammi utan um dyggðugt líf meðlimanna. Með úrskurðarhyggjunni megi skera úr um erfið persónuleg vandamál eftir algildum siðferðissjónarmiðum og reglum, en þegar rætt sé um þroska á siðferðilega sviðinu sé mikilvægt að vita hvað sé góður maður. Þannig megi líta á dyggðasiðfræðina sem tæki til að takast á við siðferðileg vandamál. Hauerwas byggir sína siðfræðitúlkun algjörlega á kristinni sérstöðukenningu. Hann telur að opinberun í Kristi sé nauðsynleg forsenda siðferðis og siðvitundar. Einnig sé hæfni mannsins til að greina rétt frá röngu mikil og ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að hann viti ekki hvað er gott og hvað vont. Hann segir að með sögum af Jesú Kristi og kristinni biblíusagnahefð öðlist maðurinn skilning á þessum hlutum. Þannig er opinberun í Kristi nauðsynleg. Hauerwas tengir svo þessa siðfræði við frásagnarsíðfræði því frásagnir skipti meginmáli fyrir siðfræðina. Þannig hafa frásagnir af verkum Guðs borist kynslóð fram af kynslóð og sameinað það samfélag sem kallast kristinn söfnuður. Hann telur að hægt sé að fá réttar upplýsingar um hver Jesús var, því frásagnir guðspjallanna bregði upp mynd af frumkirkjunni og hvað hann gerði. Með þessum frásögum sé hægt að lesa inn í hvað sé gott líf og

³⁴ Gustafson, James M., *Christian Ethics & The Community*, United Church Press, 1971 6.kafli. bls. 153 – 163.

farsælt. Hann segir að dæmisögurnar í Biblíunni séu til þess að einstaklingar geti speglað sig í þeim og æft sig í að lifa góðu lífi. Það sé auðvitað æskilegt að menn efli með sér samskonar persónuleika og Jesú er eignað í guðspjöllunum fólk reyni það af fremsta megni.

Að lokum telur Hauerwas að kærleikur og hógværð séu helstu dyggðirnar. Mikilvægt sé að búa að sama kærleika og Jesú ásamt að fyllast óeigingjörnum gjörðum með því að vera tilbúin að afsala sér sínu fyrir aðra.³⁵

Því má segja að niðurstaða Hauerwas sé að manneskjan skuli læra af dæmisögum Jesús og þeim gjörðum sem eru boðaðar þar um góða mennsku, kærleika og hógværð. Í því samfélagi sem við búum í við annað fólk er mikilvægt að æfa sig í góðu lífi. Þannig búa að óeigingjörnum gjörðum ásamt að vera tilbúin að afsala sér sínu fyrir náungann. Á þann hátt mun ég nota kenningu Hauerwas við greiningu textans í Dalalífi.

³⁵ Göran Bexell og Carl – Henrik Grenholm, *Síðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimsspeki*, Aðalsteinn Davíðsson þýddi, Skálholtsútgáfan 2001, bls. 295,6.

4. Dyggðir og Dalalíf Guðrúnar frá Lundi

4.1 Aðeins um höfundinn

Guðrún fæddist 1887 á Lundi í Stíflu í Fljótum í Skagafirði, ein af ellefu börnum Árna Magnússonar og Baldvinu Ásgrímsdóttur. Hún ólst upp á Lundi til ellefu ára aldurs og kenndi sig við þann bæ sem rithöfundur. Á unglingsárum átti hún heima á Höfðaströnd og Skaga. Árið 1910 giftist hún Jóni Þorfinnssyni og bjuggu þau lengi á Ytra-Mellandi á Skaga en fluttu til Sauðárkróks árið 1940 og áttu þar heima til æviloka. Flestar sögur hennar gerast í sveitinni og er sveitalífið hennar sérstæða. Hún er að skrifa upp úr aldamótunum 1900. Bækur hennar eru þjóðlegar og raunsæjar. Henni þótti takast einstaklega vel að lýsa hversdagslífi og daglegu amstri. Guðrún skrifaði mikið þegar hún var barn og unglingur en svo til ekkert þann tíma sem hún var húsmóðir í sveit. Eftir að hún flutti á Sauðárkrók hóf hún skriftir að nýju og fyrsta bindi Dalalífs, fimm binda skáldsögu hennar (samtals 2189 bls.), kom út árið 1946, þegar Guðrún var 59 ára, og náði miklum vinsældum. Eftir það sendi hún frá sér eina bók á ári allt til 1973, nema árið 1969. Hún skrifaði því samtals 26 bækur en sögurnar eru færri því sumar skáldsagna Guðrúnar voru í nokkrum bindum eins og Dalalíf.³⁶

Guðrún sækir efnivið sinn í sveitalífið og allar bækur hennar nema ein gerast í sveit, flestar um eða upp úr aldamótum 1900. Hún skrifaði fyrst og fremst sjálfri sér og öðrum til ánægju. Bækur hennar nutu framan af lítills álits meðal bókmenntafræðinga og ritdómara en þær hafa lifað og haldið vinsældum og í rauninni má segja að Guðrún hafi skapað sérstaka bókmenntagrein sem nýtur æ meiri viðurkenningar. Guðrún er að skrifa á svipuðum tíma og guðfræðingarnir Mary Daly og Rosemary Radford Ruether sem eru frægar fyrir femínísk skrif sín á því sviði og eru að byrja sín fyrstu skrif í kringum 1968. Þær Daly og Ruether eru hámenntaðar konur en um Guðrúnu má segja að hún sé hugrökk, ólærð sveitakona sem skrifar af gleði og þörf. Það er fengur í öllum þessum konum sem leituðust við að skilgreina fyrir konum, jafnt sem öðrum, hvað það merkir að búa í samfélagi sem einkennist ekki af sönnum dyggðum, hvað þá gildum eins og jafnrétti og réttlæti. Skrif Guðrúnar eru dæmisagnaskrif og eru dýrmætar heimildir sem segja frá okkar menningararfleifi en þar skrifar hún fyrst íslenskra kvenna. Hún vísar í kirkjusókn, skírnir, jarðafarir og brúðkaup. Einnig vísar

³⁶ Guðrún Árnadóttir, *Dalalíf*, Mál og Menning, Reykjavík, 2000,

hún í siðferðilega hefð sem sendir sterkan femínískan tón inn í samfélagið með skrifum sínum. Í sögum sínum sýnir Guðrún einnig konur sem þrá hlýju, aðdáun og munúðafullt ástarlíf en um þetta svið lífsins mátti sjaldnast skrifa af raunsæi.³⁷

4.2 Dyggðir og Dalalíf.

Í þessum kafla er markmiðið að flétta saman það fræðilega efni sem ég hef fjallað um hér að framan og nýta það til að greina hvaða dyggðir og hvað lesti einkenna samfélagið og helstu kvenpersónur í Dalalífi. Eins og áður hefur komið fram mun ég einkum veita kvenlegum dyggðum persónanna athygli. Þær eru Lísibet móðir Jóns hreppstjóra, Þóra æskuvinkona hans, Lína vinnukona og seinna ástkona Jóns, Anna kona Jóns og uppeldissystir, Ketilríður vinnukona og Borghildur fóstura Jóns og bústýra á Nautafllötum. Allar eiga þær sameiginlegt að hafa Jón sem aðal manninn í lífi sínu og hafa lifað og starfað að mestu á Nautafllötum.

Í skrifum sínum í Dalalífi kemur höfundurinn víða inn á mannlegan breyskleika. Það sést t.d. í skrifum hennar um þá tálsýn sem hægt er að halda uppi með völdum sem felast í ríkidæmi en er í raun er byggt á sandi. Þar má helst nefna að á Nautafllötum voru það konurnar sem komu með peningana inn í búið sem óx og dafnaði með hverri húsfrú. Á þeim tíma sem Guðrún er að skrifa er þjóðin stödd á barmi mikilla breytinga, gamla lífið og gömlu siðirnir eins og fólk þekkti það var á undanhaldi og nýr aldarháttur að taka við. Augljóslega má segja að þetta sé tími mikilla efnahagsframfara. Húsakostur er að breytast og þorpamyndun eykst. Áður var Reykjavík aðeins miðstöð fyrir kaupmenn og bændur en um 1945 er Reykjavíka að breytast í borg³⁸. Þrátt fyrir þessar breytingar þótti það enn dyggð að vera í sveitinni og halda til sinna verka eins og venja var.

James Gustafsson ritar í bók sinni *Christian ethics & the community* að til að mannlegt samfélag geti þrífist, endurnýjast, auðgast og orðið betra þurfi ákveðnir innviðir að vera til staðar.³⁹

³⁷ Marin Guðrún Hrafnadóttir, „Ævintýralegar vinsældir“, Morgunblaðið, 1. febrúar. 2017 sótt 2.máí 2018 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/02/01/aevintyralegar_vinsaeldir/

³⁸Guðrún Jónsdóttir, „Mórauður hundur á dyramottunni“,Skemman, janúar 2010, sótt 19. janúar. 2018 af https://skemman.is/bitstream/1946/4185/1/_gj_skemman_fixed.pdf.

³⁹ James M. Gustafson, *Christian Ethics & The Community*, United Church Press, 1971. Bls 153.

Á Nautafötum stendur höfuðból sveitarinnar í dalnum við Hrutafjörð en þar lætur Guðrún söguna lifna við.

Við upphaf Dalalífs sýnist fátt vera annað en gott við fyrstu sýn. Má líta svo á að Dalurinn eins og G.L. lýsir honum sé líkt og Paradís, þar sem góðmennskan ræður ríkjum, allt þar til öfundin (dauðasynd) læðist inn og byrjar að skemma, við það að Jón á Nautafötum trúlofast Önnu: Þá verði nokkurs konar syndafall! Ekki er þó allt sem sýnist! Dalalífið hefur vissulega sína kosti en það eru líka brestir undir yfirborðinu sem koma í ljós er á líður. Samt sem áður er Nautaflatafjölskyldan yfirvaldið í sveitinni sem allt veltur á í gegnum alla söguna. Þegar farið er af stað með siðfræðilega greiningu á dyggðum helstu kvenpersóna í Dalalífi er rétt að rifja upp að mikilvægi hinnar samfélagslegu uppbyggingar. Þar má hafa líkan *James Gustafson* (bls.153) til hliðsjónar en hann bendir á að til að samfélag geti blómstrað þurfi ákveðin gildi að vera til staðar. Aðalatriðin í máli Gustafson eru gildin trú, von og kærleikur. Þessi gildi eru vissulega til staðar innan samfélagsins í Hrutadal en einnig margvíslegir breyskleikar manneskjunnar. Hugtakið trú vísar til trausts og trúverðugleika.

Dæmi um traust í sveitinni er traust fólks til yfirvaldsins. Það trúði því og treysti að það mundi hljóta sanngirni við afgreiðslu á sínum málum. Enda var oftast nær reynt að komast hjá því að leysa upp heimili og bú þar sem það var hagkvæmara að hafa fólk í sjálfsþurftarbúskap en á sveitinni. Innan heimilisins var maðurinn höfuð býlisins en á Nautafötum gegndi hann einnig því hlutverki að vera höfuð sveitarinnar sem hreppstjóri. Feðraveldið er ríkjandi þáttur samfélagsins þá sem nú og ýtir undir þann kvenlega eiginleika að stjórna í auðmýkt, varnarleysi og ósérhlífni hjá konum. Guðrún vísar okkur líka á kærleikann í samskiptum kvennanna og samferðafólks þeirra. Á milli Önnu og Þóru ríkti ávallt kærleikur jafnvel þótt Önnu hafi verið úthlutaður sonur Nautafлата sem mannsefni en Þóra hafi ætlað sér hann. Þrátt fyrir það heldur hún dyggð við Önnu. Vissulegar eru þessi gildi til staðar í nokkru mæli, en ákveðnir brestir koma í ljós þegar betur er að gáð innan samfélagsins í dalnum. Má þar helst telja hroka, öfund heift og ágirnd.

4.3 Persónulegar dyggðir í Dalalífi.

Guðrún frá Lundi byggir sína helstu sögupersónur á kvenlegri upplifun og sveitalífi sem hún þekkir af eigin raun og kallar sammannlegar tilfinningar, ástríður, vonir og langanir. Hoagland lagði áherslu á hversu mikilvægar kvenlegar dyggðir eru, eins og óeigingirni, fórnfýsi og varnarleysi, til að viðhalda undirskipun kvenna í menningun og samfélagi. Hér á eftir verður horft til Nautaflata og fólksins þar og þá sérstaklega kvennanna, með gagnrýnum, dyggðasiðfræðilegum gleraugum í anda Hoagland.

Hrútdal er lýst sem dæmigerðu íslensku samfélagi á þessum tíma þar sem hlutverk höfuðbólsins er að vera til fyrirmyndar og eftirbreytni fyrir alla sveitina.⁴⁰ Dyggðir og lestir sögupersónanna koma fram í alskyns hegðun og breytni en hvaða dyggðir og lestir eru það einkum sem höfundur heldur á lofti?

Með aðstoð frásagnadyggðasiðfræði mun ég skoða sögupersónur Guðrúnar frá Lundi til að spegla siðferðilegar dyggðir, manngerðir og athafnir í samfélaginu í dalnum. Textinn, eða frásögnin endurspeglar siðgæðið í dalnum á margvíslegan hátt. Dalalíf er þannig séð alveg jafn gagnlegur texti og fræðitexti, á sinn hátt, til að benda á í þessu tilviki dyggði og lesti. Þannig heldur Guðrún frá Lundi fram ákveðnum dyggðum og löstum í persónum sínum. Með því að lesa þessar kerlingabókmenntir eins og skrif G.L. voru lengi kölluð, má bæði skynja það hvað er rétt og rangt, og þannig má margt læra út frá lestri sögunnar þar sem daglegu lífi er leyft að flæða fram með kostum þess og göllum.⁴¹

Stórbýlið Nautaflatir er fallegasta og stærsta býli í sveitinni og því má ætla að þar búi einungis dyggðum prýtt fólk og göfugt. En þar má líka finna lesti sem liggja í leynum en blómstra þegar sækir fram í söguna. Nafngiftirnar „Nautaflatir“ undirstrika hlutverkaskiptingu í dalnum. Á Nautaflötum búa valdhafar sveitarinnar sem alltaf hafa verið karlar. Eins og nafnið Nautaflatir vísar í senn til karlmennskunnar og frelsisins eru konurnar helstu sögupersónur Guðrúnar: Lísibet er fyrsta konan sem kynnt er í sögunni. Með dyggðunum hennar Hoagland mun ég skoða þær kvenlegu dyggðir sem Lísibet er prýdd. Skapgerðareinkenni hennar er lýst sem stórfenglegri konu

⁴⁰ Guðrún Jónsdóttir, Mórauður hundur á dyramottunni, <http://hdl.handle.net/1946/4185> sótt 19. janúar 2018,

⁴¹Jóhanna Kristjónsdóttir, Orðmörg og ópússuð - en einhver galdur, http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1585086 sótt, 19.janúar 2018.

sem er hugrökk, stjórnsöm og klár. Hún ber umhyggju fyrir hag annarra og er vel liðin í dalnum. Þrátt fyrir ástleysi eiginmannsins og barnleysi í þau sex ár sem líða áður en sonurinn Jón fæðist er henni ekki lýst sem varnarlausri gagnvart barnleysinu. Á hinn bóginn virðist hún koma með vald í formi stórkostlegra persónuleika og birtist því ekki í spennitreyju feðraveldisins. Hún var gefin til Nautafлата sem brúður til Jakobs, þrátt fyrir að hafa verið gefin af föður sínum sem var prestur, til Nautafлата. Virðist hún vera sjálfsörugg og fyrirgefa í trausti kærleikans til föður síns, einnig má skoða hana sem ósérhlífna og fórnfúsa með þann dugnað og gæsku sem hún býr yfir. Eftir að henni fæðist Jón fær hún útrás fyrir ástir sínar sem móðir. Jóni má ekkert skorta hvorki í leik né ástum. Í þau skiptin sem hún sýnir eigingirni er þegar hún verndar Jón í hans vitleysu. Það var ekki fyrr en á dánarbeðinu sem hún sendir eftir Þóru til að biðja hana afsökunar á framferði sínu gagnvart henni að hún sýnir af sér hógværd í formi fyrirgefningar en Þóra var talin til nánustu fjölskyldu og koma þar inn siðrænar dyggðir Ágústínusar með réttlætinu.

4.3.1 Þóra

Áhugavert er að spyrja hvað gerir hina stórlyndu Þóru að dyggðugri konu og hvaða persónueiginleiki er hennar helsta prýði? Frá unga aldri og fram á unglingsárin er Þóra að berjast við sjálfstjórn og ægivald feðraveldisins. Henni er lýst sem sjálfstæðri rauðhærðri og stórlyndri. Með þessa skapgerðareiginleika á hún ekki til mikla hógværd en býr yfir kærleika, hún á erfitt með að fyrirgefa Jóni og þeim á Nautafllötum þá meðferð er hún hlaut frá þeirri fjölskyldu því á uppvaxtarárunum var hún oftast en ekki á heimilinu eins og ein af fjölskyldunni.

Samkvæmt Hoagland og vegna þeirrar einföldu staðreyndar að valkostir kvenna voru allt aðrir og takmarkaðri en valkostir jafnaldra þeirra af karlkyni. Var Þóra í þeirri viðkvæmu stöðu að upplifa varnarleysi gagnvart feðraveldinu og valkostum Lísibetar þegar hún ákveður að Jón skuli giftast uppeldissystir sinni henni Önnu. Þóra bar ást til Jóns sem hafði þróast frá unga aldri í fullorðins ást. Fyrir vikið lét hún gjarnan undan Jóni með allskonar vitleysu. Hún bar umhyggju fyrir hag annarra þar á meðal Önnu sem var svo lítil og veikburða.

Móðir Þóru vildi að hún væri góð og dyggðug húsfreyja og búkona. En Þóra vildi læra og fá sömu tækifæri og Jón. Þær mæðgur börðust um að Þóra ætti að sýna af sér góðar kvenlegar

dyggðir í hefðbundnu kvennahlutverki sveitarinnar og tíðarandans. Þrátt fyrir mikla baráttu Þóru gegn því hlutverki kemst hún ekki undan því nema að litlu leyti

Þóra hafði sterka réttlætiskennd og var eins og Grikkirnir forðum hún taldi að góðar dyggðir væru hugrekki, sjálfsstjórn, örlæti og sannsöggli og þar með óaðskiljalegur hluti skynsamlegs líferniss. Þannig var Þóra og bjó um sitt og sína, má segja að Þóra hafi verið góðum dyggðum gædd eins og Hoagland nefni í greiningu sinni um leikni kvenna til að komast af innan feðraveldisins með sína kvenlegu kosti. Hvers vegna Þóra sínir stórlindi við uppákomum á Nautafötum er hennar leið til að hafa einhverja stjórn á sínu lífi og þannig útiloka Jón frá sínu fjölskyldulífi var mikilvægt fyrir hana. Hauerwas telur að kærleikur og hógværd séu helstu dyggðirnar. Mikilvægt er að búa að sama kærleika og Jesús ásamt að fyllast óeigingjörnum gjörðum með því að vera tilbúin að afsala sér sínu fyrir aðra. Með það að leiðarljósi fór Þóra í hjónaband með Sigurði til að ögra Jóni. Hún býr sjálf á sínum bæ með sitt fólk sem hún þjónaði í fórnfýsi bæði við mann og börn. Hoagland nefnir í sínum fræðum að konan fórnir sér fyrir börn, mann og kirkjuna, því má segja á þessum tíma hafi lítið verið í boði annað fyrir konur eins og Þóru.

4.3.2 Lína

Það hefur legið í menningunni að eðli konunnar væri að vera undirgefin og þjónandi. Þannig hefur iðulega verið litið á kristna siðfræði sem svar við náð Guðs, með köllun og áherslu á Krist sem aðalatriðið, eins og má sjá að töluverðu leyti hvernig komið er fram við Línu. Því má spyrja með hvað hætti Lína er undirgefin og þjónandi? Hún er dugleg og góð við alla vinnur verkin sín á Nautafötum af ósérhlífni og virðingu við heimilið. Lína hafði verið á Nautafötum frá fermingaraldri og þroskast í fallega unga konu. Þegar Jón veitir henni skyndilegan áhuga missir Lína fótanna og fellur fyrir skrúðmælgri og faguryrðum í hennar garð. Það talinn veiklindi að falla fyrir húsbóndanum og hafa enga mótstöðu þegar kemur að samneyti við hann. Lína birtist sem lítill en duglegur unglingur í sögunni með mikla hógværd en hefur gleði og kærleika til að bera.

Hauerwas leggur til dæmisögur um Jesús og telur að dyggð sé að heiðra föður sinn og móður í boðorðunum ekki síður húsbóndahylli. Þetta er það sem Lína gerir sem er alltaf svo blíð og góð. Lína er neðar í valdastiganum og hafði litla mótstöðu eða reynslu til að standa á sínu.

Jón er fulltrúi valdsins og getur leikið sér að kvenfólki, það eru forréttindi hans. Í þessu tilfelli er ekkert verið að huga að ungu konunni sem sjálfur hreppstjórinn átti þátt í að gera ófríska heldur varð Lína að bera allan þunga af þessu broti „sínu“. Þannig varð það úr að Lína stingur sjálf upp á því að giftast Dodda í staðin fyrir Þórði, vitgranna bóndanum á Jarðbrú; hún kaus frekar þann versta en þann næstbesta. En þau Þórður höfðu verið trúlofuð á laun þegar ósköpin dynja yfir. Með þessari ákvörðun reynir Lína að spyrna við óréttlætinu en fórnar sér fyrir ófædda barnið sitt og hreppstjóran sem hún elskaði. Hennar vald var þó að geta sagt frá og setja allt í uppnám. Skömmin var meiri og yfirsterkari en að hún veldi þann kost. Ekki vildi hún að barnið fæddist í synd. Í dyggðasiðfræði Aristótelesar er gert ráð fyrir að maðurinn þrói með sér góða eiginleika og það sama á við í kristinni hefð; þar eru ákveðnir persónueiginleikar sagðir lofsverðir á meðan aðrir eru taldir mjög ámælisverðir. Lína virðist með einhverju móti vera að halda í hið hefðbundna góða eðli og eiginleika sem eru boðuð í kristinni hefð.

Þetta barn Jóns átti ekki eftir að lifa frekar en önnur sem voru honum jafn skyld. Svo virðist sem hroki Jóns og nautnasýki sem voru hans helstu gallar væru einnig refsivendir frá almættinu. Þrátt fyrir það laðast konur að honum. Hann skjallaði þær og fyllti af fagurmælgí og brennivíni. Þar sem Jón er fulltrúi valdsins, getur hann leikið sér að kvenfólki.

Hvers vegna Lína hlustar ekki á viðvörðunarraddir sem hvíslað er að henni, er trúlega vegna unaðar (dauðasynd) sem hún deilir með Jóni og spennunnar sem fylgdi því að vera í sambandi við hann. Hún er neðar í valdastiganum og hafði litla mótstöðu eða reynslu til að standa á sínu og er varnarlaus í höndum Jóns.

Jesú sagði: „þeir sem syndlausir eru kasta fyrsta steininum að bersyndugu konunni“. Hann sagði einnig að girndarauga og hugrenningaruppáferð á annan mann væri brot á sjötta boðorðinu. Engin skyldi telja sig hafa efni á því að belgja sig upp úr af hreinlífi sínu. Þetta hefur verið notað í samfélögum til dagsins í dag. Fólk fyrirgefur syndir annarra til að halda sinni stöðu bæði innan hjónabands og í samfélaginu. Þannig er hægt að segja að Anna kona Jóns hafi valið að snúa blinda auganu að gjörðum Jóns og hvorki sjá né heyra hvað var í gangi. Með úrskurðarhyggjunni má skera úr um erfið persónuleg vandamál eftir algildum siðferðissjónarmiðum og reglum en þegar rætt er um þroska á siðferðilega sviðinu er mikilvægt að vita hvað er góður maður og samkvæmt því er Jón ekki góður maður. Samkvæmt kristinni siðfræði telur Hauerwas að kærleikur og hógværð séu helstu dyggðirnar. Mikilvægt sé að búa að sama kærleika og Jesú ásamt að fyllast óeigingjörnum gjörðum með því að vera tilbúin að afsala sér sínu fyrir aðra, þannig kemur Lína

fyrir sjónir. Hún er góð þjónustukona samkvæmt dyggðunum og hún er góð við alla nema sjálfan sig.

4.3.3 Ketilríður

Í þriðja bindi birtist til sögunnar Ketilríður sem hefur mikið siðfræðilegt gildi hvað varðar framgang sögunar. Hún er ein af merkjum sögupersónum Guðrúnar. Samkvæmt Hoagland er Ketilríður búin hinum kvenlegu dyggðum og tilbúin að nota þær sér til stjórnunar og sem valdataeki. En þar sem karlaveldið hefur mótað þessar dyggðir er hún í hálfgerðri spennitreyju sem hún er föst í á Nautafloötum. Þegar Ketilríður kemur þangað eftir að hafa hokrast í kotbúskap að Jarðbrú við erfiði og fátækt breyttist margt. Hafði hún þurft að sjá á eftir börnunum sínum dreift á bæina í kring en hún neitar að láta hana Dísu sína af hendi og fær Jón til að taka sig sem vinnukonu að Nautafloötum. Með þessum notar Ketilríður þau ráð að koma við varnarleysi og þakklæti til Jóns fyrir að taka barnið að sér og sig sem vinnukonu. Hún er samt reið út í Jón fyrir að leysa upp húshaldið, hún ber mikla heift gagnvart yfirvaldinu og húsbónda sínum.

Ketilríður er mikilvæg fyrir Nautafloötir þrátt fyrir fólkskuna og ofsann. Hún heitir því að koma illu orði á Jón og uppræta hans hjúskaparbrot. Í þá daga var það siður að leysa upp bú kvenna sem urðu einar með börn ef að dóu eða voru dæmdir til betrunarvistar eða vinnu. Við þessar aðstæður er Ketilríður særð en líka á margan hátt fegin að stritið og fátæktin minnkaði. Þannig má segja að með viðkvæmni og fórnfýsi og eftirsjá af börnunum hafi hún beitt kvenlegum klækjum.

Samkvæmt Hoagland er hægt að skoða hegðun og skapferli Ketilríðar með dyggðirnar þrjár sérplægni, sjálfsfórn og varnarleysi sem hennar vopn. Hún var einnig kvenskörungur mikil, henni er lýst sem stórskorinni konu og kraftmikilli, mikil til vinnu og ekki sérhlífin. Stórar sterkar konur nutu oft ákveðinnar viðurkenningar í karlasamfélaginu á tímum Aristótelesar. Það munaði mikið um hana á bænum, einnig var hún skapill var jafnan sagt að þarna gysi Katla gamla. Varnarviðbrögð og stjórnun Ketilríðar voru undirlægjuháttur(dauðasynd), hún þóttist vera vingjarnleg og góð en svo beitti hún sinni beittu tungu þannig verndaði hún varnarleysi sitt og sína ómögulegu stöðu samkvæmt Hoagland. Hún hafði þann leiðinlega vana að setja allt heimilishald á annan endann með slúðri og leiðindum þannig stjórnaði hún ástandi heimilisins og hélt sambandi þeirra hjóna Jóns og Önnu oft í heljargreypum.

Hún notaði dótturina hana Dísu sem verndara og tefldi henni hiklaust fram við öll hugsanleg tækifæri til þess að hún fengi að vera lengur á Nautafötum, þótt hún hafi gert eitthvað á hlut húsbónda síns. Hvers vegna hún er svona reið við hlutskipti sitt er trúlega vöntun á ást og kærleik í uppeldinu eins og Gustafson leggur fram. Góðar dyggðir eru lærðar og eins og Ketilríður segir:

„Ojæja, ég er nú ekki vön að hefla utan af því, sem ég læt út úr mér. Ég er ekki vanin á blíðmælgina í uppvextinum, heldur kannski það gagnstæða – kalsyrðin og skítkaði í orði og verki.“⁴²

Aristóteles gerði greinamun á því sem kallast siðferðilegar dyggðir (e. character virtue) og vitsmunalegar dyggðir (e. intellectual ethics). Siðferðilegar dyggðir eru þá það ástand sem skapast með tímanum í „sál“ okkar með því að endurtaka í sífellu ákveðnar réttar gjörðir.⁴³ Heita má að Ketilríður hafi ekki verið gædd þessum siðferðilegum dyggðum þar sem það virðist vera hennar helsta markmið að koma illu til leiðar í hefndarskyni fyrir bága stöðu sína.

4.3.4 Anna

Í þessum hluta ætla ég að fjalla um Önnu konu Jóns hreppstjóra og leitast eftir að kanna hvað samband hennar og Ketilríðar gerir stöðu þeirra beggja innan heimilisins. Hérna lýsir Guðrún frá Lundi hinni auðmjúku Önnu sem er hin stillta og góða kona. Samkvæmt Hoagland er Anna gædd hinum kvenlegu dyggðum umhyggju, varnarleysi og hógværd. Þetta finnur Ketilríði út og kemur sér inn í hjónahúsið til að hvísla fréttum að húsfreyjunni. Anna notar sínar kvenlegu dyggðir til að tjónka við Jón sem gjarnan er lengi úti og kemur seint heim. Það sem sameinar þessar tvær konur er útskúfun. Þarna lýsir Guðrún Önnu sem litlu viðkvæmu blómi sem öllu er haldið frá svo hún styggist ekki og verði veikari á líkama og sál. Anna virðist lifa í kirkjugarðinum utandyra

⁴² Guðrún Árnadóttir, *Dalalíf III Tæpar leiðir*, Mál og Menning, Reykjavík, 2000, bls. 912.

⁴³ Devettere, Raymond J, *Introduction to Virtue Ethics. Insights of the Ancient Greeks*, Georgetown University Press, Washington, D.C., 2002. bls. 71.

og í hjónahúsinu að mestu innandyra. Eftir að hafa átt mörg börn og aðeins eitt lifað („Jakob“ fyrsta barnið henna), þá var Anna hálf sinnulítill, hún las Biblíuna og hélt sér í guðsorðið. Í varnarleysi sínu eins og Hoagland bendir á hefur hún litla sjálfstjórn þegar kemur að sorginni.

Einnig má skoða siðfræði Hauerwas sem byggir siðfræði sína algjörlega á kristinni sérstöðukenningu eins og fram hefur komið hér að framan. Að hans mati er kærleikur og hógværd helstu dyggðirnar. Segja má að þar sé Önnu vel lýst en annað er með Ketilríði sem hafði ekkert gott í huga þegar hún var að hvíslast á við Önnu og bera í hana fréttir. Þar eru lestir beggja kvenna lýst önnur slúðrar og hin hlustar á slúður, báðar jafn þyrstar í félagskapinn. Skoða má hvað Gustafsson telur prýða gott samfélag og fólk. Hann spyr; Hvað gerist ef kærleikann vantar og ekkert þakklæti er til staðar? Er Ketilríður kannski þar og nýtir sér þessa veikleika með að grafa undan trausti Önnu til Jóns? Anna varð hugsjúk við allt skrafið í Ketilríði sem nýtti sér viðkvæmt geðslag húsfrúarinnar og einangrun.

Spyrja má hvers vegna Anna var gædd hófsemi (temperance) eins og Aristóteles talar um? Til að geta verið dyggðug manneskja þarf að vera til staðar siðfræðilegar dyggðir en þær sem gegna stærstu hlutverki innan grískrar dyggðasiðfræði eru „hófsemi, hugrekki, réttlæti, og viska“. Anna hefur sterka réttlætiskennd en vegna þess að hún fer lítið út fyrir bæinn er ábótavant með viskuna en með biblíulestri og samtali við annað fólk telur Hoagland að hún hafi haft stjórn í veikleika sínum. Því ekki mátti styggja frúnna. Fólkið á bænum og í sveitinni sá til þess.

Borghildur er uppeldismóðir Jóns og hefur stjórnað heimilishaldi frá því að Lísibet móðir hans dó svo Anna tók aldrei við því kefli að stjórna Nautafloötum. Þannig er hún ekki gerð ábyrg fyrir neinu mikilvægu í heimilishaldinu og heldur sínu varnarleysi og viðkvæmni.

4.3.5 Borghildur

Hvað varð til þess að Borghildur var á Nautafloötum alla sína tíð? Hér er persóna sem er hulin leyndardómi og nýtur mestrar virðingar vegna dyggða sinnar við húsbændur sína. Samkvæmt Hoagland er hún trú, traust og ósérhlífín. Þá má spyrja að því hvort hún gangi of langt í trúrækni

sinni t.d. við Jón? Það er eins og hún hafi gengið Jóni í móður stað eftir að móðir hans dó. Hún er dyggðug og haldin kvenlegum kostum, samkvæmt siðrænum dyggðum Aristóteles, en hún er líka í takt við kristna siðfræði er hún sýnir umhyggju, fórnfýsi, sjálfsfórn og varnarleysi ásamt að vera trúuð og með Guðs orð á vörum í trú, von og kærleika til allra á heimilinu, hún er kletturinn í samfélagi Nautafleta. Borghildur notar sér þessi stjórnunarverkfæri sem hún hefur óspart. Hún veit alltaf hvernig fólkinu líður og hvað er í gangi á undan öllum öðrum.

Að Nautafletum hafði hún komið sem unglingsstúlka en hún hafði verið tekin vestan úr sveit, þaðan sem Lísibet var alin upp í. Hún varð barnfóstra Jóns. Einhver orðsveimur kom með henni um að hún væri dóttir séra Helga á Felli (faðir Lísibetar) og þar með hálsystir Lísibetar. En hún naut aldrei sömu stöðu og Lísibet. Gustafson talar um trú á ákveðnar megin reglur samfélagsins „trú von og kærleika“. Þar telur hann að von viðhaldi endurnýjun en vonin getur bæði verið vanvirk eða virk í samfélaginu. Á Nautafletum er í raun bæði virk og vanvirk von. Vonin bæði virkjar og gefur stefnu til virkni að sinna heimilinu og því fólki sem var búsett hverju sinni á þar. Á þann hátt lifir Borghildur og lagði sitt af mörkum í kærleika með von um framtíðina.⁴⁴. Gustafson segir að ást, kærleikur og þakklæti séu límið í samfélagi okkar á öllum tímum. Bæði þá og nú er von og trú leiðarljós allra kvenna sem lifa eins Borghildur. Hún er límið á höfuðbólínu og hugar að öllum, stórum sem smáum af mikilli þrýði og dyggð.

⁴⁴ Gustafson, James M, *Christian Ethics & Ther Community*, United Church Press, 1971, 6.kafli bls. 159.

Niðurstöður

Í upphafi þessarar ritgerðar var lagt upp með að skoða dyggðasiðfræði og hvað hinir ýmsu siðfræðingar hafa skrifað um dyggðasiðfræði. Síðan notaði ég þær úrlausnir til að greina og sjá með nýjum gleraugum Dalalíf og þær sögupersónur sem Guðrún frá Lundi skapaði og skrifaði um.

Helstu siðfræðingar fyrri ára hafa sínar hugmyndir um dyggðasiðfræði og hafa sumir jafnvel vilja til að taka hana upp aftur. Með þeirra gleraugum fór ég af stað í þessa ritgerð til að greina verk Guðrúnar sem hafa lifað og verið lesin allt frá því að þau komu út og til dagsins í dag. Með því að grafast fyrir um hvað dyggðasiðfræðingar fyrri tíma hafa skrifað og rannsakað í þeim efnum tók ég saman í stuttu máli helstu fræði þeirra og bar saman við helstu sögupersónur ritverksins Dalalífs. Einnig var mér hugleikin sú hefð sem skapast hefur í íslensku samfélagi frá sveitameningu til borgar. Ég komst að því að hefð er lifandi og við endurskoðum og gerum hana að okkar miðað við okkar samtíma.⁴⁵

Dyggð er margskonar og hafa hinir ýmsu siðfræðingar notað hana til að útskýra mannlega og siðferðilega hegðun innan samfélaga. Hin kristna trú er mikilvæg okkar litla samfélagi í trú von og kærleika þar sem flest í samfélagi manna á milli byggist upp á góðum siðum. Í samfélaginu má víða sjá kristinn mannskilning og siðfræðilegar dyggðir sem hafa fylgt okkur frá því land byggðist á einn eða annan hátt eins og með hefðina. Amma gerði þetta og því gerði mamma það og nú geri ég það sama. En allar breyttum við örlítið út af gömlu venjunni og gerðum hana að okkar og svo munu börnin okkar gera það sama. Þetta má sjá í Nautaflokkasamfélaginu þar sem sterkur siður, hefð og trú hefur áhrif á gangn sögunnar. Dalalíf hefur verið lesið af kynslóðum því spyr ég hvort við sem mannfólk séum í rauninni alltaf eins en ytri aðstæður móti í raun lifnaðarhætti og búi til nýja slóða sem gegnir eru?

Mannsonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga. (Matt. 20:28)

⁴⁵ Glosbe, Orðabók, <https://is.glosbe.com/> sótt af vefnum 09. janúar 2018.

Þakkir vil ég færa Sólveigu Önnu leiðbeinanda mínum fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu við gerð þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka tengdamóður minni Hjördísi Jensdóttur, manninum mínum Jóni Viðari og Sóley Herborgu fyrir yfirlestur.

Heimildaskrá

Aristoteles. *Siðfræði Níkomakkosar* 2011. Svavar Hrafn Svavarsson þýddi. Hið íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.

Biblían. Heilög ritning. Nýjatestamentið. 2007. Hið ísenska Biblíufélag, Reykjavík.

Devettere, Raymond J. Introduction to Viture Ethics. Insights of the Ancient Greeks, Georgetown University Press, Washington, D.C., 2002.

Gustafson, James M. *Christian Ethics & The Community*, United Church Press, 1971.

Hauerwas, Stanley, *A Community of Character toward a Constructive Christian Social Ethic*,

Hoagland, Sarah Lucia. 1988. *Lesbian Ethics. Toward New Value*, s. 69-113. Palo Alto, California: Institute of Lesbian Studies.

Lovin, Robin W. *An introduction to christian Etics goals, duties and vitures*, Abindon Press, Nashville, 2011.

Rachels, James, *Stefnur & straumar í siðfræði*, Háskólaútgáfan Reykjavík, 1993

University of Notre dame press, London, 1981.

Netheimildir

Glosbe.com, Sótt 09. janúar 2018. <https://is.glosbe.com> > orðabók íslenska > íslenska-íslenska orðabók.

Guðrún Jónsdóttir „Móraur hundur á dyramottunni, sótt 19. Janúar 2018, <http://hdl.handle.net/1946/4185>.

Jóhanna Kristjónsdóttir, „Orðmörg og ópússuð - en einhver galdur“, Mbl. 13. desember. 1983, sótt, 19. janúar 2018. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1585086.

Margrét Lilja Vilmundardóttir 1985,“ Hjá vöggunni er altari konunnar. Um dygðir og köllun kvenna í ljósi kvennabaráttu og kristinnar trúar í upphafi 20. Aldar“, sótt 19. Janúar 2018, <http://hdl.handle.net/1946/10671>.

Skáld.is „Sér til gamans“ 16. Sept. 2017, sótt 19. Janúar 2018, <https://www.skald.is/single-post/2017/09/16/Sér-til-gamans>.